A. PAUL WEBER á Kjarvalsstöðum

Þessa dagana er á Kjarvalsstöðum sýning á verkum þýska grafíklistamannsins A. Paul Weber, sem þýska bókasafnið og félagið Íslensk grafík efna til. A. Paul Weber, sem er 83ja ára gamall, á að baki langan listamannsferil. Elsta myndin á sýningunni, frá árinu 1932, er hin fræga og spámannalega mynd, sem ber heitið **Hitler — þýsk örlög**, og aflaði listamanninum strax frægðar á sínum tíma.

Paul Weber er nú vel þekktur í



Paul Weber.— Sjálfsmynd.



Karlmennska („Herrar sköpunarverksins")

Kærkomin tilbreyting

heimalandi sínu fyrir bókaskreytingar sínar. Mörg verk á sýningunni eru líka frummyndir að bókaskreytingum og eru bækurnar sjálfar til sölu á staðnum. Þetta verður að nægja um æviferil listamannsins, því að upplýsingar um hann voru af skornum skammti, þar sem engin sýningarskrá hefur verið gefin út. Fyrir vikið verður sýningin óaðgengileg og einnig má ætla að marga langi til að vita nokkur deili á þessum sérstæða listamanni.

Í stað þess að gefa út sýningarskrá hefur verið brugðið á það ráð að láta gera miða við hverja mynd með heiti hennar á þýsku ásamt íslenskri þýðingu, sem í nokkrum tilfellum er alls ekki nógu nákvæm og jafnvel villandi eins og þegar **Die Herren der Schöpfung** er útlagt **Karlmennska** svo að tínt sé til eitt dæmi. Það bætir hins vegar nokkuð úr skák að sýningin er vel og skipulega uppsett og verkunum raðað saman eftir viðfangsefnum og fyrir bragðið verður hún aðgengilegri en ella hefði verið.

Gömul hefð í grafíklist

Líta má á verk Paul Weber sem anga af þeirri hefð, sem hinir miklu meistarar grafíklistarinnar, spánverjinn Goya, og Frakkinn Daumier, lögðu grundvöll að, en í verkum þeirra er oft að finna napra ádeilu á tíðarandann og þjóðfélagið, sem þeir bjuggu við. Það er margt í list Weber sem minnir á verk þessara gömlu meistara. Kjarninn í verkum hans er sömuleiðis ádeila og beiskt háð. Útkoman verður hins vegar nokkuð ólík, þar sem verk Weber eru sprottin upp úr þýsku þjóðfélagi. Allir þekkja hina blóðidrifnu sögu Þýskalands á 20. öld og því skyldi engan undra þó að hryllingur og óhugnaður séu oft nálægir í verkum listamannsins.

Viðtæk ádeila

Paul Weber hóf snemma að



Guðbjörg Kristjánsdóttir skrifar um myndlist

beina skeytum sínum að hernaðaranda landa sinna. Hann gaf út skopmundir í formi flugrita, tók þátt í útgáfu andspyrnublaðs gegn stuðningsmönnum Þriðja ríkisins og hlaut að launum fangelsisvist.

Í sumum verka sinna tekst Weber prýðis vel að sýna anda nasismans eins og til dæmis í myndinni „Rückgrat raus!" eða **Burt með dálkinn!**, þar sem herjansmikill slátrari með hníf í kjaftinum sker hrygginn úr mannverum sem marsera uppréttar í beinni röð að skurðarborðinu, en skríða síðan hryggjlausar burt. Í öðru verki, sem nefnist **Die Herren der Schöpfung**, sýnir listamaðurinn tvo hermenn berjast í návígi umkringda áhorfendum, sem eru dýr. Fagurt fordæmi hjá þeim sem líta á sig sem eins konar æðri kynstofn, **höfuð sköpunarverksins.**

En Weber nemur ekki staðar við ættland sitt og list hans verður að eins konar heimsádeilu. Hann deilir á hernað utan síns eigin lands og annar snar þáttur í sýningunni er myndflokkur um mengun, sem í meðförum Weber verður ekki síður ógnvekjandi en stríðið. Áhorfandinn þarf ekki að fara í neinar grafgötur með það hvert stefnir, því að í myndum Weber er honum rækilega sýnt fram á að mannkynið er á góðri leið með að tortíma sjálfu sér með skeytingarleysi sínu um náttúruna.

Enn aðrar myndir fjalla um manninn sjálfan og ýmsa bresti hans eins og forvitni og menningarsnobb en í þessum myndum kemur skopskyn listamannsins hvað hreinast fram. Weber er gæddur mjög auðugu ímyndunarafli. Stundum er eins og hann vilji setja sér ákveðnar skorður með því að gefa sér fast myndefni eins og í skákmyndunum, þar sem leitmótífið eru tveir menn að tafli. Skákin gefur tilefni til að sýna margvísleg svipbrigði og látbragð og jafnframt má kalla fram í huga áhorfandans ákveðna atburði með því að leiða saman vissar persónur til leiks eins og hershöfðingja í riddaraliðssveit og indíána eða Napóleon og persónugervingu hins rússneska vetrar, svo að eitthvað sé nefnt.

Listrænt gildi

Aðalatriðið í listsköpun Weber hlýtur að vera, að boðskapurinn komist til skila og hann veki áhorfandann til umhugsunar. Því má spyrja, hvert sé listrænt gildi verka hans. Weber vinnur myndir sínar í steinprent eða **lithografíu** og geta sýningargestir fengið nokkra hugmynd um þessa aðferð, því að einn steinn er hafður til sýnis. Þótt listamaðurinn noti steinprent er teikningin samt sterkasta tjáningarmeðal hans. Hann ræður yfir mjög fjölbreytilegum teiknistíl, allt frá smágerðri og nosturslegri teikningu yfir í einfaldar myndir, sem dregnar eru með fáum, léttum og hröðum strikum. Weber virðist hins vegar leggja miklu minna upp úr baksviði mynda sinna, sem oft er dálítið grunnt og illa útfært í samanburði við mannamyndateikningarnar. En þrátt fyrir það að einhverja myndbyggingargalla megi finna á sumum mynda Weber gerir hinn fjölbreytilegi teiknistíll hans það að verkum, að sýningin verður lifandi og langt frá því að vera tilbreytingarlaus.

Í heild má segja að sýningin sé skemmtileg og auðskilin. Hún er kærkomin tilbreyting frá þeim sýningum, sem hér hafa verið að undanförnu. Því er full ástæða til að hvetja fólk til að sjá hana, og ég held að óhætt sé að segja að flestir muni hafa nokkurt gaman af.

Guðbjörg Kristjánsdóttir



Ljótur leikur